

HARPA

**Verðlisti 2019**  
**Ráðstefnur**  
**og fundir**




## Um Hörpu

Harpa er eitt helsta kennileiti Reykjavíkur, þar sem hún stendur tignarleg við hafnarbakkann. Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík býður upp á bestu aðstöðu til tónleika- og ráðstefnuhalds í Norður-Evrópu.

Húsið hefur hlotið ótal viðurkenningar og unnið til verðlauna m.a. sem besta viðburðahúsið árið 2011 af Travel&Leisure tímaritinu. Haustið 2012 fékk Harpa MICE verðlaun sem besta ráðstefnuhús í Norður-Evrópu og árið 2016 tilnefndi tímaritið Business Destination Hörpu sem besta ráðstefnuhús Evrópu.

Verið ávallt velkomin.





## Eldborg

Eldborg er stærsti salur Hörpu þar sem öll hönnun og útfærsla skapar glæsilega umgjörð.

Í Hörpuhorni, við glerhjúpinn á annarri hæð, er unnt að vera með standandi kaffiveitingar eða móttökur tengdar Eldborg.

### BÚNAÐUR

Svið, púlt, aðstaða fyrir upptökur, stórt sýningartjald og fullkomið ljósa- og hljóðkerfi.

STÆRD	1.008 m <sup>2</sup>
FJÖLDI	1.630 sitjandi gestir
LOFTHÆÐ	23 metrar





## Silfurberg A/B

Silfurberg er sérhannaður sem ráðstefnusalur.


Hægt er að skipta salnum í tvennt með fellivegg sem er hljóðeinangraður og rúmar þá hvor salur um sig um 300 gesti í sæti. Eyri er bjart og opið rými fyrir framan Silfurberg sem hentar vel sem sýningarsvæði, fyrir kaffiveitingar í hléum eða fyrir standandi móttökur eftir viðburði.

---

### BÚNAÐUR

Túlkaklefar, svið, púlt, stórt sýningartjald og fullkomið ljósa- og hljóðkerfi.

<b>STÆRD</b>	735 m <sup>2</sup>
<b>FJÖLDI</b>	840 sitjandi gestir
<b>LOFTHÆÐ</b>	7,7 metrar





## Norðurljós

Norðurljós er hin fullkomna umgjörð utan um ýmis konar viðburði. Með sérhönnuðum ljósabúnaði sem hægt er að stilla í ýmsum litbrigðum má búa til þá stemningu sem óskað er eftir í hvert sinn.


Tvennar hljóðeinangraðar dyr tengja Norðurljós og Silfurberg þannig að mögulegt er að samnýta salina með góðum árangri fyrir stærri viðburði.

---

### BÚNAÐUR

Svið, púlt, stórt sýningartjald og fullkomið ljósa- og hljóðkerfi.

<b>STÆRÐ</b>	540 m <sup>2</sup>
<b>FJÖLDI</b>	540 sitjandi gestir
<b>LOFTHÆÐ</b>	10 metrar





## Kaldalón

Kaldalón hentar sérstaklega vel fyrir minni ráðstefnur, fundi og fyrirlestra. Salurinn er með hallandi sætum og hægt er að sýna myndbönd á stóru sýningartjaldi.

Norðurbryggja, fyrir framan Kaldalón, skartar stórkostlegu útsýni yfir smábátahöfnina og hentar afar vel fyrir ýmis konar móttökur og sýningar.

---

### BÚNAÐUR

Stórt sýningartjald, púlt, breytileg lýsing í veggjum, föst sæti með innfelldum borðum.

STÆRD	198 m <sup>2</sup>
FJÖLDI	195 sitjandi gestir
LOFTHÆÐ	8,5 metrar



## Björtuloft

Björtuloft eru glæsileg og óvenjuleg umgjörð fyrir veislur, móttökur, einkasamkvæmi og fundi. Salurinn er á tveimur hæðum með stórbrotnu útsýni yfir borgina.

Á neðri hæð er fastur bar og útgengi á svalir með útsýni yfir höfnina.

---

### BÚNAÐUR

Svið, púlt, sýningartjald og skjávarpi,

**STÆRD** 400 m<sup>2</sup>

**FJÖLDI** 120 sitjandi gestir

**LOFTHÆÐ** 2,7 metrar



## Háaloft

Háaloft er glæsilegur salur á efstu hæð Hörpu. Hann býður upp á stórkostlegt útsýni yfir vesturborgina, höfnina, Faxaflóann og fjallahringinn.

Háaloft má nýta með Björtuloftum samhliða eða sem stækkun.

---

### BÚNAÐUR

Svið, púll, sýningartjald og skjávarpi,

**STÆRD** 200 m<sup>2</sup>

**FJÖLDI** 100 sitjandi gestir

**LOFTHÆÐ** 3,5 metrar





## Fundarherbergi

Í Hörpu er góð aðstaða fyrir stærri og minni fundi. Öll fundarherbergi eru búin góðum tækjabúnaði, s.s. skjá og hægt að setja upp búnað fyrir fjarfundi í gegnum netið.

Hvort sem um ræðir Vísu, Stemmu, Nes, Vík, Vör eða Sund þá finnur þú fundarherbergi sem hentar þér og þínu fyrirtæki í Hörpu.





## Opin rými

Í Hörpu er fjöldi opinna rýma sem henta sérlega vel fyrir ýmsa viðburði og móttökur.

Flói er á fyrstu hæð og er stærsta opna rýmið, tilvalið fyrir stærri viðburði eða vörukynningar. Norður-bryggja, einnig á fyrstu hæð, státar af gullfallegu hafnarútsýni og er kjörin fyrir alls kyns móttökur. Eyri er staðsett fyrir utan Silfurberg, með útsýni yfir Reykjavíkurböfn og hentar sérstaklega vel fyrir minni sýningar. Hörpuhorn við Eldborg státar af mikilli lofthæð og er einkar vinsæl fyrir móttökur.

Heildarstærð er 2500 m<sup>2</sup>.





## Verðlisti og aðrar gagnlegar upplýsingar (gildir til 31.12.2019)

	Salur	Leikhús	Veista	Kabarett	Móttaka	m <sup>2</sup>	Heill dagur*	Hálfur dagur*
2. hæð	<b>Eldborg</b>	1630	—	—	—	1.008	<b>1.508.700</b>	<b>1.207.000</b>
	<b>Silfurberg</b>	840	540	400	1.100	735	<b>720.600</b>	<b>576.500</b>
	– A	360	240	192	400	357	<b>439.200</b>	<b>351.400</b>
	– B	378	240	192	400	357	<b>439.200</b>	<b>351.400</b>
	<b>Norðurljós</b>	540	310	248	650	540	<b>559.600</b>	<b>447.700</b>
1. hæð	<b>Kaldalón</b>	195	—	—	—	198	<b>253.000</b>	<b>202.400</b>
	<b>Ríma</b>	130	90	72	200	144	<b>179.600</b>	<b>143.700</b>
	– A	66	50	40	90	72	<b>120.400</b>	<b>96.300</b>
	– B	66	40	32	90	72	<b>120.400</b>	<b>96.300</b>
	<b>Vísa</b>	44	16	—	—	40	<b>84.400</b>	<b>67.500</b>
	<b>Stemma</b>	44	16	—	—	40	<b>84.400</b>	<b>67.500</b>
4.–8. hæð	<b>Nes</b>	—	10	—	—	16	<b>30.900</b>	<b>24.700</b>
	<b>Vík</b>	—	8	—	—	15	<b>30.900</b>	<b>24.700</b>
	<b>Vör</b>	—	8	—	—	15	<b>30.900</b>	<b>24.700</b>
	<b>Sund</b>	—	10	—	—	16	<b>30.900</b>	<b>24.700</b>
	<b>Björtuloft</b>	100	120	—	300	400	<b>198.400</b>	<b>158.900</b>
	<b>Háaloft</b>	100	50	—	100	200	<b>198.400</b>	<b>158.900</b>

Opin rými á fyrstu og annarri hæð.

<b>Flói</b>	—	—	—	—	1.000	<b>570.000</b>	—
<b>Eyri</b>	—	—	—	—	300	<b>220.000</b>	—
<b>Norðurbryggja</b>	—	—	—	—	300	<b>220.000</b>	—
<b>Hörpuhorn</b>	—	—	—	—	300	<b>220.000</b>	—

### Greiðsluskilmálar

- 10% af gjaldinu skal greiða þegar bókunin er staðfest.
- 90% af gjaldinu skal greiða 30 dögum fyrir staðfestan viðburð.
- Annar kostnaður verður innheimtur samkvæmt samningi.
- Greiðsluskilmálar: 14 dagar. Eftir það bætast vextir við upphæðina, í samræmi við íslensk lög.

### Afbókun

Miðað er við þær dagsetningar þegar viðburðurinn er afbókaður og þann dag sem viðburðurinn átti að eiga sér stað.

Meira en 91 dagur  
61 til 90 dagar  
31 til 60 dagar  
30 dagar eða minna

% þess sem er rukkað  
10% af leigunni  
30% af leigunni  
50% af leigunni  
100% af leigunni

### Skilmálar og reglur

- Verðlisti gildir eingöngu fyrir ráðstefnur og fundi í Hörpu.
- Verð hér til hliðar eru í ISK m. vsk.
- Heilsdagsleiga er frá kl 8–18.
- Hálf dagsleiga er leiga í allt að 5 tíma á bilinu frá kl. 8–18.
- Greiðsla fyrir sýningarsvæði er verð pr. dag.
- Greiða þarf aukalega fyrir skólastofuuppsetningu.
- Harpa áskilur sér rétt til þess að breyta verðum án fyrirvara, þ.e. ef ytri aðstæður knýja á um verðbreytingar. Sjá nánar í almennum skilmálum Hörpu.
- Eftir kl. 18 bætist við 10% aukagjald við salarleigu.
- Sé óskað eftir breytingum á uppsetningu á sal bætist 40% aukagjald við salarleigu, fyrir hverja breytingu.
- Fyrir uppsetningu og niðurtekt reiknast hálf salarleiga. Gert er ráð fyrir að slík vinna taki að hámarki einn dag, fyrir og eftir viðburð.
- Innifalið í heilsdagssalarleigu er 4 tíma fundarhald með verkefnastjóra.
- Innifalið í hálf dagsalarleigu er 2 tíma fundarhald með verkefnastjóra.
- Innifalið í salarleigu er sýningartjald, skjávarpi, svið, púlt og hljóðnemi í púlti ásamt hljóðkerfi fyrir talað mál.
- Greiða þarf aukalega fyrir allan tæknibúnað umfram það sem innifalið er í salarleigu.
- Greiða þarf fyrir yfirsetu tæknimanns í stærri sölum Hörpu, sem er ávallt einn maður, að lágmarki.



**Harpa — Tónlistar-  
og ráðstefnuhúsið  
í Reykjavík**

Austurbakki 2  
101 Reykjavík  
Ísland

Ráðstefnusvið  
528 5060

Fyrirspurnir tengdar  
ráðstefnum og viðburðum  
radstefnur@harpa.is

**harpa.is**